Nd.

# 52. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um afnám eftirlauna allra embættismanna í landinu, svo og að gera ráðstafanir til þeirrar skipanar á launum þeirra, er virðast mætti nauðsynleg og sanngjörn í sambandi við það, að öll eftirlaun félli niður.